

Nr. 20-126 S 091 Zodiac - gúmmibátur**Maður fyrir borð**

Tegund: Zodiac HD MK V
Eigandi: Vegagerðin (VG)
Mesta lengd: 5,85 m
Breidd: 2,48 m *Þyngd:* 250 kg
Vél: Suzuki utanborðsmótor
Fjöldi skipverja: 3

Gögn:
Gögn RNSA



Zodiac báturinn © Vegagerðin


Lokaskýrsla afgreidd á fundi 18. febrúar 2022 af, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:


Þann 24. nóvember 2020 var Zodiac á siglingu milli Þormóðsskers og Akraness. Veður um hádegi (kl. 12-13): *Borgarnes:* A 3,7-9,4 m/s, hiti +2,9°C og *Akranes:* NNA 3,3-5,8, hiti +2,9°C og ölduhæð 3,2 m.

Starfsmenn Vitasviðs Vegagerðarinnar (VG) voru að koma til baka milli kl. 12:00 til 13:00 eftir vinnu við Þormóðsskersvíta (*mynd 1*) þegar bátsverji A féll útbyrðis úr Zodiac bátnum. Öðrum bátsverjum tókst að ná honum um borð aftur eftir u.þ.b. 10 mín., þrekuðum og köldum. Siglt var til hafnar á Akranesi og var báturinn kominn þangað 30-40 mín. síðar.



Mynd 1 Þormóðssker, myndin er tekin umræddan dag

Eins og mynd 2 sýnir þá er Þormóðssker um 10 sjómíllur NV af Akranesi.



Mynd 2 Afstöðukort af siglingaleið milli Akranes og Þormóðsskers

Eftir að komið var til Akraness var báturinn tekinn á land og gengið frá honum á kerru til flutnings. Bátsverji A var færður úr blautum fötum en ekki farið með hann til skoðunar og/eða aðhlyningar á sjúkrahús heldur var honum ekið heim.

Við rannsókn kom fram:

- að bátsverji A taldi ástæðu þess að hann hefði lent útbyrðis vera þá að báturinn hefði fengið á sig hliðaröldu og skyndilegan halla;
- að bátsverji A var klæddur í þurrgalla (*Crewsaver Atacama Sport*) og í björgunarvesti. Vestioð blés upp en flotgallinn fylltist af sjó af ókunnum ástæðum;
- að bátsverji A kvaðst hafa verið kaldur í u.þ.b. þrjár klukkustundir og afleiðingar þess reyndust alvarlegar. Fram kom að bæði hann og annar bátsverji hefðu ítrekað orðað sjúkrameðferð þegar á Akranesi en verkstjórinn sem fór fyrir hópnum (formaðurinn) taldi ekki þörf á því;

- að samkvæmt formanni hafi bátsverji A verið færður í þurran fatnað innan klukkustundar frá því hann féll í sjóinn. Þá sé það rangt að bátsverja A hafi verið meinað um sjúkrameðferð;
- að bátsverji A kvaðst hafa farið margar ferðir á mörgum árum með þessum bát en ekki fengið neina „alvöru“ þjálfun vegna hans. Samkvæmt framburði formanns höfðu bátsverjar A og B mikla reynslu af meðferð slíkra báta og fengið þjálfun frá formanni í meðferð þeirra;
- að formaður bátsins hafði margra ára reynslu við þessi störf og fram kom að hann taldi hvorki siglinguna sjálfa né siglingahraðann óeðlilegan miðað við aðstæður;
- að siglt var frá Akranesi um kl. 09:30 og sagði formaður að ferðin hefði átt að taka um 45 mín út í Þormóðssker en hún hafi tekið um 1,5 klst. vegna veðurs og sjólags. Vinnan út í skerinu var sögð hafa tekið u.þ.b. 40 mín og siglingin í land um eina klst. Fram kom hjá formanni að siglingahraði á heimleið hefði verið um 10 hnútar með vind og öldu á bakborðs afturhorn með tilheyrandi pusi;
- að samkvæmt formanni hafði bátsverji A framan af setið í mesta pusinu og þess vegna hafi formaður sagt bátsverja A að færa sig í meira skjól við hlið stjórnþúlsins;
- að formaður sagði að þegar stærri alda hefði skolið á bátnum hefði hann rekið undan henni og í halla undan veðrinu með þeim afleiðingum að bátsverji A hefði fallið útbyrðis. Hann taldi að u.þ.b. 1-2 mín hefðu liðið þar til það uppgötvaðist;
- að fram kom hjá formanni að hann hefði vanmetið aðstæður og ekki brugðist rétt við. Hann hefði átt að koma bátsverja A undir læknishendur strax og komið var í land;
- að formaður kvaðst hafa verið í vinnuflotgalla en hinir tveir verið í þurrbúningum og flísfötum innanundir. Þeir hefðu einnig verið með sjálfupplásanleg björgunarvesti. Enginn hafi verið með öryggishjálms;
- að samkvæmt bátsverja B var reynsla hans á Zodiac takmörkuð, hann hefði aldrei farið á námskeið tengt svona bátum né í Slysavarnaskóla sjómanna. Eina reynsla hans á sjó voru tvö sumur á litlum gúmmibátum (tuðrum);
- að fram komu efasemdir hjá bátsverja B um að bátnum hafi verið rétt beitt í ölduna við þessar aðstæður og siglingahraði verið of mikill;
- að bátsverji B taldi einnig að báturinn hafi verið vanbúinn í þetta verkefni. Talstöð ekki virkað (lengi), annar af tveimur rafgeymum bilaður, tvö göt hefðu verið á bátnum með tilheyrandi sjó um borð og fremri blaðra vinstra megin við stjórnþúlt ásamt kili hefðu ekki haldið lofti;
- að formaðurinn sagði bátinn hafa verið í góðu ástandi. Talstöð virkaði ekki en báðir rafgeymarnir voru í lagi og fullhlaðnir. Ekki hefðu verið göt á bátnum og hann hreinsað sig vel af sjó. Fremri blaðra og kjölur voru full af lofti og loftpumpur með í för. Báturinn hefði farið vel í sjó;
- að fram kom hjá öryggisstjóra VG að bátsverjarnir hefðu haft mikla reynslu og fengið þjálfun hjá verkstjóra í umhirðu og meðhöndlun gúmmibáta;
- að samkvæmt áhættumati vitaflokks varðandi verkþátt er varðar ferðalög á sjó út í/frá vitum eru nefndar ráðstafanir við a) *Atburður*: starfsmaður lendir í sjó; b) *Orsakir*: slæmt veðurfar/sjólög; c) *Ráðstafanir*:

- ✓ *Fylgjast með veðri og sjólagi.*
- ✓ *Reyndir skipstjórar.*
- ✓ *Alltaf tveir bátar sem fara saman.*
- ✓ *Allir með hjálm.*
- ✓ *Allir í flotgalla.*

- að samkvæmt verkefnastjóra VG var ekki til björgunaráætlun og/eða búnaður til að bjarga manni úr sjó. Eftir atvikið var gerð björgunaráætlun um slík atvik;
- að samkvæmt verkefnastjóra VG um aðra þætti áhættumats þá var annar báturinn bilaður og þess vegna ekki með í ferðinni;
- að samkvæmt verkefnastjóra VG voru allir bátsverjar í flotgöllum og með hjálma sem samræmist ekki framburði bátsverja;
- að samkvæmt álitum verkefnastjóra VG og formanni hafði bátsverji A ekki gengið rétt frá lambhúsettu niður í hálsmálið á þurrigalla sínum og það orsakað að sjór komst í hann;
- að eftir atvikið var verklagi breytt og regla sett um að alltaf er farið á tveimur bátum og til stæði að nota TETRA samskiptabúnað;
- að eftir atvikið voru fyrirhuguð stærri námskeið (*Wilderness*) fyrir fasta starfsmenn VG.

Nefndarálit:

Orsök atviksins má rekja til óvænts sjólags.

Sérstök ábending:

Nefndin telur ljóst að ástand bátsverja A hafi gefið fullt tilefni til skjótrar og faglegrar aðhlyningar.

Nefndin telur ámælisvert að ekki hafi verið farið eftir verklagsreglu, meðal annars um að tveir bátar væru ávallt í samfloti.